





## BYGGINGARLÝSING:

Húsið er fjölbýlishús með 4 íbúðum.
Íbúðir 0201 og 0202 eru hannaðar eftir algildri hönnun og uppfylla kröfur fyrir fatlaða með einföldum tilfæringum til dæmis að breyta hurðaropnunum, skipta fataskápum í forstofu og hjónaherbergi út fyrir fatahengi og setja sturtuhengi á baðherbergi. Stéttir framan við hurðir halla upp að hurðum þannig að ekki verði meiri munur en 25mm frá stétt og upp á þröskuld.

Útveggir eru steinsteyptir og einangraðir að innan með frauðplasteinangrun og múrhúðaðir.
Þak er hefðbundið risþak, byggt upp með kraftsperrum og klætt að utan með bárustáli.
Gluggar eru málaðir furugluggar með tvöföldu einangrunargleri. Bréfarifur eru í hurðum og skulu vera minnst 25x260mm og staðsettar í 1–1,2m hæð.
Milli íbúða kemur steinsteyptur veggur (REI90 R'w 55dB). Gólf milli hæða er einnig steinsteypt.

Innveggir sem ekki eru málsettir eru 12sm og klæddir klæðningu í flokk 1 í séreignum.
Innihurðir eru með hurðarfleka mín 80x200sm.
Húsið er hitað upp með ísteyptum gólfhitarörum.
Allar neysluvatnslagnir eru með ísteyptum pexrörum, rör í rör. Við handlaugar, sturtur og baðkör komi hitastýrð blöndunartæki sem tryggi að vatnshiti fari ekki yfir 43°C.
Loftræsing er vélræn útsog (merkt LR á teikningu).
Sorpgerði eru staðsett á lóð með sorpílátum til flokkunar.

**Eingöngu er heimilt að nota byggingarvörur sem hafa hlotið staðfestingu tilnefnds aðila á samræmi eða eru CE–merktar, samanber kafla VIII í mannvirkjalögum**

Koma skal fyrir slökkvitæki í anddyri hverrar íbúðar í samráði við eldvarnareftirlitið.

## Brunaþol byggingarhluta og klæðninga;

Útveggir og hæðarskil almennt REI60, nema annað sé sýnt á plani.
Burðarvirki almennt R60.
Skil milli íbúða eru almennt EI90/REI90 sjá teikningu.

## Einangrunargildi byggingarhluta eru ($W/m^2$ c);

| | | |
|---|---|---|
| Jarðgólf og sökklar | 0,24 | 100mm frauðplasteinangrun og 50mm innan á sökklum |
| Steyptur útveggur | 0,40 | 100mm frauðplasteinangrun |
| Þak | 0,20 | 220mm steinullareinangrun. |
| Gluggar og hurðir | 1,40 | K–gler gasfyllt (Argon eða Kripton) |

**Tákn;**

| | |
|---|---|
| Lr. | Loftræsing upp úr þaki eða vélræn. |
| B.op. | Björgunarop í glugga |
| R | Reykskynjari. |
| I | Inntak vatns– og hitaveitu. |
| T | Inntak rafveitu og síma. |
| GN | Gólfniðurfall |
| NF | Niðurfall í regnvatnslögn |

## HELSTU STÆRÐIR:

| | **Brúttóflötur** |
|---|---|
| **1.hæð:** | 134,4 m² |
| **2.hæð:** | 165,0 m² |
| **Samtals:** | **299,4 m2** |

TILLÖGUTEIKNING

Opus ehf
Strandgata 13
600 Akureyri
Sími 461 40 14
opus@opusehf.is

Tryggvi Tryggvason
090963-3689
Þröstur Sigurðsson
160563-4439

LAUGARTÚN 7
Svalbarðseyri

Grunnmynd 1. og 2. hæðar

Verk nr:
Kvarði: 1:100 (A2)
Dags: 18. maí 2015
Teikn. nr: T5
Teiknað: ÞS
Yfirfarið: ÞS